

Reykjavík, 6. febrúar 2019

Efni: Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að svonefnd hitakort, sbr. t.d. Strava Global Heat Map, verði höfð til hliðsjónar við ákvörðun forgangsröðunar snjóruðnings göngu- og hjólastíga í borginni.

Greinargerð:

Lagt er til að raunveruleg ferðalög vegfarenda á göngu- og hjólastígum verði höfð til hliðsjónar við ákvörðun snjóruðningsraðar stíganna.


Sem dæmi má nefna að fyrir austan Mjódd við Stekkjarbakka, á milli Arnarbakka og Álfabakka, er göngustígur sem er umlukinn af trjágróðri til vesturs en íbúabyggð til suðurs. Hitakort Strava (íþróttaforrit fyrir snjalltæki) sem safnar upplýsingum um fjölda ferða bendir til þess að stígurinn sé fjölfarinn af bæði gangandi og hjólandi vegfarendum. Stígurinn er einnig mikilvæg tenging á milli Elliðaárdals og Seljahverfis.

Þrátt fyrir þetta er stígurinn ekki í forgangi í ruðningsröð hjá borginni þegar kemur að snjómokstri göngustíga. Í stað þess er stígur sem liggur upp við bílastæði Mjóddar í slíkum forgangi. Sá stígur er hins vegar minna notaður enda er hann rofinn á þremur stöðum svo að bílar geti keyrt inn á bílastæði við Mjódd. Til viðbótar eru tvær tvíbreiðar innkeyrslur fyrir Strætó sem fer oft þar um enda leiða akgreinarnar inn á eina helstu skiptistöð í Reykjavík. Það gefur augaleið að hættan á slysum eykst við það að stígurinn er rofinn svona oft.

Ef haldið er áfram yfir gatnamótin tekur við kafli með tveimur fleiri innkeyrslum í Garðheima og Vínbúðina. Það kemur því ekki á óvart að göngu- og hjólafólk kjósi fremur að fara um fyrrnefnda stíginn.

Af skjáskoti af hitakorti Strava hér fyrir neðan má sjá hvernig neðsta línan er skærari en línurnar tvær fyrir ofan og umferð því meiri á þeim stíg heldur en stígnum sem liggur sitthvorum megin við Stekkjarbakka sem er umferðargata. Nú í vetur hefur verið byrjað að ryðja stíginn vestan megin en ekki austan megin

og oft munar nokkrum dögum. Þrátt fyrir að stígurinn austan megin sé að lokum ruddur er snjórin oft orðinn troðinn og líkur á klakamyndun.



Sjá til samanburðar Borgarvefsjá vegna forgangsröðunar göngu- og hjólastíga.

Ef raunveruleg ferðalög fólks yrðu látin ráða væri óskastígurinn við Stekkjarbakkann án efa framar í ruðningsröðinni.

Líkur eru á að á fleiri stöðum í borginni sé sambærileg staða en nefna má að hugmyndir á þessum nótum hafa meðal annars verið settar fram í verkefninu “Hverfið mitt”. Því er lagt til að hitakort verði borin saman við núverandi ruðningsröð og hún uppfærð til samræmis.

Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi
Jórunn Pála Jónasdóttir, varaborgarfulltrúi